



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Stakkaborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans	5
3 Innra mat deilda	9
3.1 Innra mat Kattholts.....	9
3.2 Innra mat Undralands.....	13
3.3 Innra mat Sjónarhóls	17
4 Innra mat sérkennslu.....	22
5 Innra mat – fjöltyngd börn	24
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	26
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	27
8 Foreldrasamvinna.....	28
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	29
10 Fylgigögn.....	30
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	30
10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal	30



Leiðarljós leikskólans

Gleði – Hreyfing – Vinátta

Við mætum til leiks á hverjum degi með gleði í hjarta og bros á vör. Við nýtum hreyfingu eins mikið og kostur er, bæði inni og úti. Í leikskólanum okkar ríkir vinátta bæði meðal starfsmanna og barna.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaári 2022 – 2023 var afar farsælt ár eftir tvö erfið skólaár. Við náðum að koma daglegri rútínu og hefðum skólans aftur í gang og það var ánægjulegt að sjá alla foreldra koma inn í skólann og sækja ýmsa viðburði yfir skólaárið. Flæðið fór vel af stað og nemendur voru fljótir að aðlagast að mega fara aftur á milli deilda.



Í upphafi skólaársins, ágúst 2022 fengum við afhent gróðurhúsið okkar sem setti svip sinn á starf vetrarins og þá sérstaklega vorsins og nú á sumarmánuðum. Gróðurhúsið var frábær viðbót við skólalóðina og hefur vakið mikla athygli og ánægju bæði starfsfólks og barna. Þarna gefst börnunum tækifæri til að setja niður fræ og fylgjast með vexti blóma og grænmetis. Fyrsta uppskeran var strax í lok maí en þá smökkuðu elstu börnin radísurnar sínar og fallegu jarðaberin sem voru tilbúin þrátt fyrir að úti væri nú hálfgerð haustveður.

Fjöldi barna á Undralandi voru 23 börn fædd 2019 og 2020, á Kattholti voru 31 barn fram að áramótun en urðu 32 um áramót, en þau voru fædd 2017, 2018 og 2019. Á Sjónarhóli voru börnin 14 og þau voru fædd 2020 og 2021, og fjölgaði upp í 16 núna undir lok skólaársins til að létta á aðlögun haustsins. Skólinn hefur því verið með í kringum 68-71 börn í allan vetur en við erum að miða við að hafa hér 67-68 börn enda sýna útreikningar að það sé hámark þess rýmis sem við höfum. Við fórum í það í vetur að óska eftir viðbyggingu og erum ánægð að á okkur var hlustað. En við höfum fengið þær fréttir nú undir lok skólaársins að hér eigi að bæta við húsum og við getum þá dreift betur á milli deilda og stækkað skólann okkar. Við erum spennt að fara inn í það verkefni næsta vetur og teljum þetta brýnt vegna ástandsins á biðlistanum inn í skólann og vegna of margra barna á núverandi deildum.

Mönnun gekk vel og vorum búin að manna í allar stöður fyrir fyrir síðasta haust á sumarmánuðum og starfsmannaveita var einstaklega lítil í vetur, einungis einn starfsmaður sem flutti sig yfir í annan leikskóla í vetur. En við horfum fram á að nú komi aðrir starfsmenn úr fæðingarorlofi, aðrir fara í



fæðingarorlof, og enn aðrir í frekara nám. Við þurfum aðeins að ráða inn fyrir næsta vetur en sú vinna er langt komin.

Starfsmannahópurinn skiptist núna undir lok skólaársins í 50% sem eru í KÍ – eru með leyfisbréf eða aðra uppeldismenntun, 15% í Sameyki með aðra háskólamenntun og 35 % eru í Eflingu. Við erum því alltaf að sjá fagmönnum innan leikskólans fjölga og erum við ánægð með þá þróun.

Almennt hefur starfsárið einkennst af gleði og jákvæðni í starfsmannahópnum. Samskipti hafa verið til fyrirmyndar og starfsánægja hefur verið mikil. Starfsmannakönnun Sameykis kom mjög vel út hjá okkur og höfnuðum við í 8. sæti yfir starfsstaði með 25 eða færri starfsmenn. Við teljum okkur vera á góðum stað hvað varðar starfsanda og almennan aðbúnað varðandi starfsfólk. Vinnustyttingin er orðin hluti af daglegum þætti leikskólans og hefur haft jákvæð áhrif á líðan starfsfólks.

Í vetur lögðum við mestar áherslur á að koma inn sem flestum þáttum sem höfðu dottið út í kórónufaraldrinum og bættum því litlu öðru við nema hvað varðar námsefni og þessháttar. Við lögðum mikla áherslu á að komast aftur í reglu og rútinu með okkar flæði milli deilda og börnin eru afskaplega glöð að vera komin aftur í eðlilegt starf.

Við tókum fyrsta skrefið í „Grænum skrefum“ Reykjavíkurborgar og þar kom vel fram hve vel teymið hafði unnið verkefni vetrarins sem skilaði okkur viðurkenningu fyrir fyrsta skrefið í því verkefni nú í apríl. Það var ánægjulegt að sjá hve vel tókst til og að við séum að taka fyrstu skrefin í að kortleggja betur hvernig vinnustaðurinn stendur sig í sjálfbærni og vistvænni framkvæmd.

Í lok apríl kom upp leki í einni stofu á Kattholti og baðherbergi. Það voru snör handtök hjá stjórnendum Njarðargötu – eignarumsjón að koma með starfsmenn í verkið. Rifnir niður veggir og leki fundinn. Við þurftum eðlilega að þétta smá í rými barnanna og nýta klósett í fataklefum Kattholts og Undralands á meðan á þessu raski stendur. Nú þegar eru hafin uppbygging á þessum rýmum og vonumst við að á þau til baka sem fyrst, endurbætt og betri fyrir vikið.

Við fórum í breytingar á matarmálum leikskólans vegna óviðráðanlegra ástæðna. Við tókum inn Matartímann og hefur það gefist vel en þeir komu inn í byrjun nóvember. Við tókum nú í upphafi sumars þá ákvörðun vera í áframhaldandi áskrift í mat hjá þeim enda gefist vel, en þessar skipulagsbreytingar tengjast einnig þeirri niðurstöðu að framundan er stækkun á leikskólanum.

Við fögnum þessari stækkun og hlökkum mikið til að takast á við næsta vetur meðan það verkefni verður í vinnslu.



2 Innra og ytra mat leikskólans

Innra mat 2022-2023

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Skólanámskrá	Lagt lokahönd á skólanámskrá síðasta haust.	Allir starfsmenn saman á skipulagsdögum – fórum yfir þá þætti menntastefnunnar sem við áttum eftir.	Við munum gef út nýja námskrá í upphafi næsta skólaárs 2022-2023 sem mun verða leiðarljós næsta skólaárs. Skólanámskráin er nú lifandi plagg sem allir nýta.
Fjölgun menntaðra starfsmanna	Bætast fleiri í hóp fagmenntaðir	Stjórendur, starfsfólk	Höfum verið að gefa starfsmönnum tækifæri til náms og höfum náð að vekja áhuga starfsmanna á leikskólakennaranáminu. Þrír starfsmenn búnir að vera meistaranámi og fá námsleyfi á meðan. Einn starfsmaður lauk leiðasagnarkennaranámi. Einn leikskólakennaranemi bættist í starfshópinn á árinu. Einn starfsmaður kláraði B.ed. í leikskólakennaranámi á árinu.
Málstefna	Fyrirlestur á vegum MML á starfsdegi.	Allir starfsmenn	Miklar og gagnlegar umræður fóru fram og við munum byggja málstefnu leikskólans á þessari vinnu. Stefnum á að halda áfram með þá vinnu á haustmánuðum og setja fram málstefnu leikskólans.
Starfsánægja	Starfsmannaviðtal þar sem farið var yfir líðan í starfi.	Allir starfsmenn boðaðir í einstaklingsviðtal	Almennt farið yfir líðan starfsmanna og viðtölin komu vel út, allt starfsfólk ánægt í sínum verkefnum.



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun Gallup	Með könnun í nóvember	Starfsmenn tóku þátt.	<p>Rúm 75% starfsmanna svöruðu könnuninni, sem er betri árangur en í fyrra. Starfsmenn upplifa almenna vellíðan í starfi í leikskólanum.</p> <p>Starfsmenn upplifa styttingu vinnuvikunnar jákvæða og telja hana minnka álag.</p> <p>Við kynntum niðurstöður á starfsmannafundi. Erum sátta með 8. sæti á heildarlistanum yfir fyrirtæki með undir 25 starfsmenn. En allir sammála um að stefna enn hærra næst.</p>
Græn skref	Starfsmaður á vegum Grænna skrefa hjá Reykjavíkurborg tók út starfsstaðinn	Teymi grænna skrefa var skipað í upphafi skólaárs. Verkefnastjóri hélt vel utan um verkefnið og einn starfsmaður á hverri deild var í teyminu.	Lukum fyrsta skrefi Grænna skrefa Reykjavíkurborgar í apríl 2023. Sjáum að við erum langt komin með næsta skref og stefnum á að halda þessu teymi áfram enda framundan breytingar á sorphirðu sem starfsstaðurinn þarf að taka þátt í.



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2024

Mannauður/ Leikskólabragur							
Teymisvinna	Með teyrum fáum við fleiri starfsmenn til að bera ábyrgð á verkefnum	Halda áfram með teymi – virkja þau enn frekar. Gera rammann í kringum þau skýrari.	Leikskólastjóri	Haust 2022 Höldum áfram með þessa innleiðingu Skólaárið 2023-2024	Vor 2023	Hvert teymi endurmetur sína vinnu í lok vetrar og leggur mat á hvað þarf að bæta fyrir næsta vetur.	Að teymin starfi eftir fastri áætlun s.s. með fundartíma, standi fyrir viðburðum í tengslum við sitt teymi s.s. læsisvika, sköpunar- og vinavika
Sérkennslu teymi	Skipuleggja sérkennslu enn betur.	Sjáum fram á aukna sérkennslu sem kallar á fleiri stöðugildi í sérkennslu	Sérkennslustjóri og sérkennari.	Haust 2022 Höldum þessari vinnu áfram með nýju fólki í afleysingu næsta vetur. En margt komið í betri farveg.	Vor 2024	Við endurmetum í lok skólaárs hvernig teymið hefur starfað og hvað þarf að bæta	Efla enn frekar snemmtæka íhlutun fyrir nemendum. Að vinna að markvissari kennslu tvítyngdra og barna með þroska frávík.
Sjálfbærni /Grænu skrefin	Halda áfram með næstu „Grænu skref“ borgarinnar.	Tókum fyrsta grænu skrefið síðasta skólaár. Förum í gegnum skref 2 2023-2024	Verkefnastjóri í Sjálfbærni, stjórnendur	Haust 2022	Vor 2024	Förum í gegnum grænu skref Reykjavíkurborgar	Við stefnum á að hafa sjálfbærara samfélag, huga betur að umhverfismennt með nemendum
Uppeldis- og menntastarf							
Fjölmennning	Setja upp móttöku áætlun fyrir ný börn	Velkomin í hverfið – verkefni þjónustumiðstöðvar – taka betur á móti foreldrum og börnun í sameiningu í hverfinu	Aðstoðarleik skólastjóri	Haust 2022	Vor 2024	Hafa skýrari verkefnerla í tengslum við nýja nemendum sem ekki hafa íslensku sem móðurmál	Aukið samstarf í gegnum Velkomin í hverfið – verkefnið
Skólanámskrá	Að skólanámskrárin verði leiðandi handbók um starf leikskólans Festa hana í sessi sem	Ný námskrá hefur litið dagsins ljós. Nú þarf að þjálfva starfsfólk í að nýta sér hana	Deildarstjórar / leikskólastjóri	Haust 2023		Skólanámskrá verður lifandi plagg sem þarf að endurmeta reglulega – en grunnur skólastarfsins á að byggja á henni.	Allir kunna og vita fyrir hvað leikskólinn Stakkaborg stendur. Að námskrá leikskólans sé grunnstoð starfsins.



	leiðarljós leikskólans						
Vinátta - félagsfærni	Fjölga kennurum sem hafa farið á Vináttu námskeið	Þjálfa nýtt starfsfólk í að nýta Vináttuverkefni Barnaheilla.	Leikskólastjóri sendir starfsfólk á námskeið í námsefninu.	Haust 2023	Vor 2024	Fjölga þeim starfsmönnum sem hafa farið á Vináttunámskeið. Auðveldara fyrir starfsfólk að vinna með námsefnið.	Að allir starfsmenn hafi farið á vináttunámskeið og unnið sé með verkefnið í öllum hópum.
Innra mat /ytra mat							
Starfsmanna könnun	Alltaf gagnlegt að skoða niðurstöður	Viljum fá fleiri sem taka þátt – 68 % þátttaka ekki nógu góð	Allir stjórnendur En könnun unnin af Reykjavíkurborg	Vor 2023	Vor 2023	Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Viljum hærra svarhlutfall Viljum fylgjast með þróun á vellíðan starfsmanna í starfi.
Starfsmanna samtöl	3 viðtöl á ári – leikskólastjóri taki 2 en deildarstjórar eitt viðtal við sína starfsmenn.	Hef haft tvö viðtöl – vil geta fjölgað þeim með þeim hætti að deildarstjórar taki samtali við starfsmenn deildarinnar einu sinni yfir árið.	Leikskólastjóri / deildarstjórar v. 1 viðtals	Haust 2022	Vor 2024	Starfsmannaviðtöl eru með skýru sniði – út frá örsamtölum þar sem farið er í gegnum ákveðna þætti – endurmat hjá hverjum og einum, markmiðasetning ofl.	Að starfsmenn upplifi að á þá sé hlustað, hafi tækifæri til að eiga samtali við yfirmenn – skapa þannig samvinnu og sameiginleg markmið og sýn á starfið. Auðveldar þegar þarf að leiðbeina starfsfólki



3 Innra mat deilda

3.1 Innra mat Kattholts

Skólavetur 2022-2023 byrjaði á því að stilla saman þrjá ólíka aldurs hópa 2017/8 börn-2018/17 börn og 2019/ 7 börn. Við byrjuðum á að hver hópstjóri tók sinn hóp og settist niður til að finna hvar áhugi barnanna liggi og á hvað hátt við gætum leyft þeim að blómstra í frjálsa leiknum. Síðan fundum við út á hvaða hátt við gætum skipst á að vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Þannig að hver einstaklingur hefði tækifæri til að blómstra í skólanum. Hópstjórar skiptust oft á að taka ólíka hópa í mismunandi vinnustundir þar sem börnin lærðu ólíka hluti eftir því hver átti í hlut. Þar sem styrkleika hópstjórnanna og annarra fengu að njóta sín. Eftir áramót var tekin upp þema um bækur þar sem börnin völdu sér bók sem lesin var fyrir hópanna og svo unnið út frá efni bókarinnar. Alltaf var valið stafur vikunnar og orð tengt bókunum sem sett voru upp á vegg inn í fataklefa þannig að foreldrar gátu fylgt með hverju sinni. Efni bókana var sem tengt við annað efni sem unnið var með samkvæmt námskrá skólans. Börnin fóru reglulega á bókasafnið þar sem lesið var fyrir þau alltaf tvær bækur og svo fengu þau að njóta sín sjálf að velja bók og lesa.

Elstu börnin heldu áfram að vinna með sýna þætti eftir áhuga og virkni. Þeirra vinna byggist mikið til á að fara út fyrir skólann, taka strætó og sækja þau tilboð sem eru í boði. Í hverjum mánuði fór hópurinn í ferð út fyrir skólann annað hvort á safn, bíó eða leikhús. Hópurinn vann að útskriftarstuttmynd sinni og var hún frumsýnd nú í júní við mikinn fögnuð barnanna og foreldra þeirra. Börnin búa til handrit og söguþráð með aðstoð aðstoðarleikskólastjórnans og hópstjórnans.

Hinn árlegi viðburður að vinna með Tónskóla Sigursveins og ákveðnu tónskáldi ásamt öðrum leikskólum fór á fullt, þar sem við fórum í heimsókn í tónskólann og sungið í Hörpu sem var full að áhorfendum foreldrum, ömmum, öfum og krökkum úr leikskólunum. Skilaboðaskjóðan sem er samtarf okkar, Nóaborgar, Klambra og Háteigsskóla fór aðeins í gang aftur en það náði ekki að fara á flug vegna margra samverkandi þátta en vonandi getum við tekið það upp í haust og látið það ganga betur. Við náðum þó að heimsækja Háteigsskóla tvisvar sinnum og frístundina einu sinni í maí og svo kom 1. bekkur einu sinni í heimsókn til okkar. Einnig heimsóttum við Klambra og Nóaborg einu sinni og þau okkur einu sinni



Umbótaþættir á Kattholti

Stærðfræði og þrautir: Börn fást ómeðvitað við stærðfræði frá unga aldri og þau þróa með sér grunnhugtök stærðfræðinnar og skilji á hugtakinu mjög snemma. Þau nota allskonar þrautir sér til aðstoðar þangað til þau ná talnaskilningi.



Það sem vel er gert: Öll börn læra að telja og gera sér grein fyrir fjöldanum. En hugtakið stærðfræði liggur miklumeiri í margskonar hlutum og þurfa börnin að læra stærðfræði lestur.

Tækifæri til umbóta: Að gera hópstjóra meira meðvitaða um hversu mikilvægt það er fyrir barnið að ná góðum tókum á hugtakinu stærðfræði. Hvernig hægt sé að kenna barninu að nýta sér þau hjálpartæki sem til eru sér til framdráttar. Hvernig hægt sé að nýta umhverfið í kringum barnið fyrir þennan þátt. Á hvaða hátt hægt sé að virkja foreldranna þegar kemur að þessum þætti. Þannig að allir séu meðvitaðir um mikilvægi þessa hugtak stærðfræði.



Heimamenning barnanna: Samstarf heimila og skóla gerir starfið ennþá betra, því er mikilvægt að foreldrar verði enn meiri partur af starfinu. Það að barn fái að vera stjarna vikunnar eflir það í frásögn á eigin menningu og um leið fá önnur börn tækifæri á að upplifa og sjá ólíka menningarheima.

Tækifæri til umbóta: Stjarna vikunnar er tæki til að tengja saman heimili og skóla enn betur með því að foreldrar geri heimavinnu með börnunum þar sem þau taka myndir heima af því sem þeim langaði til. Svo í hópstarfi sér „stjarna vikunnar“ um að vera með frásögn eða sýningu á því sem það að aðrir upplifa af þeirra menningu. Þannig að það náist að tengja betur inn í alla námbætti skólans menningu þeirra barna sem á deildinni eru.

Vinátta/Blær/Útinám: Það að börnin nái aftur þeirri færni að gera sér grein fyrir hversu mikilvæg vinátta er. Það að eiga góða vini og vera sterkur félagslega skiptir einnig miklu máli þegar kemur að skólagöngu barnanna. Í leiðinni að nota útinám sem tengingu einnig milli barnanna.

Það sem vel er gert: Öll börnin eiga Blæ bangsa sem þau hafa góðan aðgang að til að nota þegar þau hafa þörf fyrir.



Tækifæri til umbóta: Að efla hópstjórana til að vinna betur með tilganginn með Blæ bangsa og hversu miklu máli hann skiptir þegar kemur að hugtakinu vinátta. Það að börnin fái tækifæri til að skilja hversu mikilvægt það er að koma vel fram við hvort annað og þá einstaklinga sem í kringum þau eru. Að þau læri að hver einstaklingur á að fá tækifæri til að vera hann sjálfur.

Sway skráningar

Sway skráningar gengu að mestu leiti vel og við sendum mörg vel unnin Sway heim til foreldra sem fengu frábært tækifæri til að líta yfir myndir og fá góða innsýn í starfið. Það vantaði upp á meira jafnvægi og að allir hópar væru að fá svipað magn og upplýsingar hverju sinni.



Það sem vel er gert: Sway forritið sem er mjög lifandi og hentar vel til þess að senda með fljótlegum hætti myndir, vídeó og texta með upplýsingum um það sem fram fer á deildinni. Reynist þeim hópstjórum vel sem duglegir eru að taka myndir, hafa færni í tölvum og gefa sér og eða hafa tíma til þess að gera Sway. Tveir hópar fengu Sway send heim að minnsta kosti á tveggja vikna fresti meðan að einn hópur fékk Sway mun sjaldnar.

Tækifæri til umbóta: Það er ójafnvægi í fjölda Sway sendinga og upplýsingagjöf til foreldra eftir hópum og hópstjórum. Þetta er nauðsynlegt að bæta með samvinnu allra á deildinni.



Umbótaþættir Katholts	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni- hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem er stuðst við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Stærðfræði og þrautir	Að gera börn og hópstjóra meðvitaða um þetta hugtak og hvernig börn upplifa það	Með því að deildarstjóri fari inn í hópanna og hjálp hópstjórum við að byggja upp stærðfræðiþraut ir sem henta aldri barnanna	Haust 2023 Vor 2024	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarfundir, skipulagsdag undirbúningtím um starfsmanna	Að börnin fái tækifæri á að upplifa hugtakið stærðfræði og að leika sér með það
Að heimamening verði sýnilegri á deildunum og verði sjálfsagður hlutur menningu hópsins	Virkja alla foreldra til samstarfs um heimameningu u barna þeirra. Og að börnin verði óhrædd að segja frá og sýna örðum sýna menningu	Setja fram skilmerkilegri viðmið hvað er átt við með. Þannig að það komi skýrar fram tilgangur. Þannig að þetta skili sér betur inn í aðra námsþætti skólans	Haust 2023 Vor 2025	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarfundur, skipulagsdag viðtölum við foreldra	Markvisst sé unnið með heimameningu yfir árið á deildinni og ná að tengja það betur inn í skólastarfið
Vinátta/Blær	Að efla þennan þátt betur innan veggja deildarinnar	Með því að festa betur niður Blæstundir þannig að við náum betri sýnileika á hvað vinátta sé og hver tilgangurinn sé með þeim.	Haust 2023 – vor 2024	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarfundir, skipulagsdagar, undirbúningur starfsmanna	Að börnin tileinki sér betur hugtakið vinátta innan hópsins Og að þau læri betur að nýta sé r bangsann Blæ þegar og ef þau finna fyrir þörf.
Sway skráningar	Stefnum á að hver hópstjóri sjái um Sway skráningu á tveggja vikna fresti.	Setja niður dagsetningar. Samvinna inn á deild. Aðgangur að tækjum.	Haust 2022 Vor 2024	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Vera með tilbúið Sway fyrir hvern deildarfund og það rætt.	Hver barna- hópur fái sambærilegar Sway skráningar á tveggja vikna fresti.



3.2 Innra mat Undralands

Í vetur voru 23 börn á Undralandi, sextán börn fædd 2020 og 7 fædd 2019. Á deildinni voru fjórir hópstjórar og einn deildarstjóri sem er afleysing hópstjóra í undirbúningi þeirra. Við vinnum eftir skólanámskrá leikskólans, menntastefnu Reykjavíkurborgar og Aðalnámskrá leikskóla. Við leggjum áherslu læsi, félagsfærni, vellíðan og sköpun. Einkunnarorð leikskólans eru gleði, hreyfing og vinátta. Í starfi okkar á Undralandi vinnum við að læsi og notum námsefnið Lubbi finnur málbeinið. Við hlustum saman á lögin og lærum að þekkja málhljóðin í hópstarfi og samveru ásamt lestri. Á deildinni eru bækur í hæð barna og þau eru dugleg að nýta sér þær og sækja mörg hver í að skoða bækur saman eða biðja kennara um að lesa fyrir sig. Þennan vetur tók læsisteymi til starfa á leikskólanum og var bók vikunnar lesin reglulega yfir vikuna í hópstarfi. Fyrir næsta ár mætti leggja enn frekari áherslu að fylgja því eftir ásamt aðferðinni flæðilestur.



Á Undralandi notum við skráningar sem fara í ferilmöppur sem hvert barn á ásamt því sendum heim Sway til foreldra. Það gengur misvel á milli hópa og er mikilvægt að finna lausn á því næsta vetur svo tryggt sé bæði að allir hópar fái svipaðar upplýsingar heim sem og að starfið í hverjum hóp sé sýnilegra með svipuðum hætti. Mjög vel gengur að hafa hópatímar sem styðja við börn í smærri hópum í leik. Við álítum það mikilvægan þátt í vellíðan barna og félagsfærni að fá tækifæri til frjáls leiks í smærri hópum með stuðning kennara og þar fá þau öll mikilvæga málörvun. Börnin fá síðan tækifæri á öðrum tímum að velja sér leikefni og leikfélaga sem styður við þeirra sjálfstæði og sjálfmynd. Þá leggjum við áherslu á að fylgja þeim eftir og styðja við samskipti þegar þörf er á.

Hluti af vellíðan barna er að upplifa sig sem einstakling og geta sagt frá sér og fólkinu sínum sem er þeim oft mjög hugleikið. Verkefni okkar með heimamenningu hefur gegnið vel og er frábært að sjá börnin skoða saman fjölskylduspjöldin, ferilmöppurnar með vinum sínum og segja frá. Stjarna vikunnar var svo enn frekar til að styðja við það.

Við vinnum að læsi bæði með lestri og með því að skapa börnunum aðstæður sem styðja við tjáningu bæði í leik með öðrum börnum og í samskiptum með kennara. Á deildarfundum ræddum við um mikilvægi gagnvirkra samskipta við öll börn enda sjáum við hversu mikil tengsl eru á milli málproska og félagsfærni. Þar komu hæfniramar sterkir inn sem og TRAS skráningar sem byrjað var að nota fyrir hvert barn á Undralandi.



Umbótaþættir á Undralandi.

Umbótaþættir á Undralandi voru Sway skráningar, heimamenning, fjöltyngd börn, og læsi.

Sway skráningar

Sway skráningar gengu að mestu leiti vel og við sendum mörg vel unnin Sway heim til foreldra sem fengu frábært tækifæri til að líta yfir myndir og fá góða innsýn í starfið. Það vantaði upp á meira jafnvægi og að allir hópar væru að fá svipað magn og upplýsingar hverju sinni.

Styrkleikar: Sway forritið hentar vel til þess að senda með fljótlegum hætti myndir og texta með upplýsingum um starfið. Reynist þeim hópstjórum vel sem duglegir eru að taka myndir, hafa færni í tölum og gefa sér og eða hafa tíma til þess að gera Sway. Tveir hópar fengu Sway send heim að minnsta kosti á tveggja vikna fresti meðan að hinir tveir fengu þau mun sjaldnar.

Tækifæri til umbóta: Það er ójafnvægi í fjölda Sway sendinga og upplýsingagjöf til foreldra eftir hópum og hópstjórum. Þetta er nauðsynlegt að bæta með samvinnu allra á deildinni.

Heimamenning barna verði sýnilegri á deildum

Heimamenning og markmiðum tengd henni náðum við. Öll börnin eru með fjölskylduspjald og þau voru dugleg að skoða þau. Bæði fyrir sig og með vinum sínum. Hvert barn var stjarna vikunnar í viku, tók Blæ heim með sér ásamt stílabók. Þar kom fram hvað var gert með Blæ yfir helgi, barnið aðstoðar síðan við að leggja borð og hvíld og gat komið með bók í leikskólann að heiman.

Styrkleikar: Fjölskylduspjaldið er bæði gaman fyrir börn og foreldra sem koma ný inn á Undraland og eins styður við þekkingu okkar á barninu og fjölskyldu þeirra. Stjarna vikunnar gerði slíkt hið sama, börnunum fannst mjög gaman að taka Blæ bangsa með sér heim og fá að aðstoða og segja frá helginni sinni.

Tækifæri til umbóta: Við gætum verið duglegri að skoða stílabækurnar frá stjörnu vikunnar og við þurftum að minna okkur á að nýta okkur aðstoð barnanna. Við erum sátt við þennan þátt og ljúkum honum í bili. Höldum áfram að nota fjölskylduspjaldið sem og stjörnu vikunnar.

Fjöltyngd börn

Málörvun og aukinn orðaforði fjöltyngdra barna var markmið með umbótum. Þetta er þáttur sem við höfum unnið að með ólíkum áherslum. Nú vildum við vinna með flæðilestur, nota orðabókin mín frá Orðaleik ásamt myndrænu skipulagi og að nota hæfniramma. Í upphafi hausts voru útbúnar orðaforðabækur frá Orðaleik ásamt myndrænu skipulagi í bók sem hvert barn fékk með mynd af sér í aðstæðum t.d. að fara í hvíld eða á klósett með aðstoð frá sérkennslustjóra. Bók vikunnar var valin og lesin fyrir hópinn. Stundum þegar að færi gafst sérstaklega með einu barni í einu en ekki nægjanlega



markvisst svo hægt sé að tala um flæðilestur. Myndræna skipulagið mætti segja að orðaforðabækur hafi falið í sér en almennt á deildinni nýttum við litla renninga frá orðaleik. Hæfnirammur voru fylltir út. Sérkennslan kom sterk inn og voru hópar barna sem þurftu stuðning við mál teknir reglulega í þjálfun.

Styrkleikar: Hæfnirammarnir nýttust til að átta sig á hvar barnið var stött í íslensku og til þess að skrá framfarir sem og stöðnun sem annars væri byggð eingöngu á tilfinningu. Það var gott að hafa í foreldraviðtölum og á deildarfundum þegar rætt var um stöðu barnsins. Þeir minna á að dagleg samskipti í hádegi, samveru og fataklefa eru mikilvæg. Jafnframt að leggja orð á athafnir og styðja við börnin í leik og vera virk í málörvun inn á deild. Enda sáum við að börnin eru að mynda fyrstu setningar og orð yfir það sem kemur reglulega fram í máli hvern dag. Bók vikunnar var góð leið til að tryggja lestur fyrir alla hópa og endurtekning hentar börnunum vel. Orðabækurnar og myndir með hverri athöfn veittu nýjum börnum án tungumáls stuðning.

Tækifæri til umbóta: Hæfniramma mætti ræða oftar á deildarfundum með öllu starfsfólki deildarinnar. Auka meðvitund um ferlið hjá börnum sem eru að læra íslensku og auka skilning okkar á aðstæðum þeirra og hegðun. Flæðilestur var ekki notaður markvisst, en bók vikunnar var valin til að byrja með í haust og var lesin fyrir hóp og oft sérstaklega fyrir þau börn sem eru fjöltyngd en það má bæta á næsta ári sem og orðaforðabæmu. Eins mætti leggja meiri áherslu á að fylgja eftir áhuga þeirra á orðum og vinna út frá þeim grunni í leik og bókavali. Allt sem er myndrænt hjálpar þeim sem svo það þarf að halda áfram að vinna með og bæta.



Læsi

Læsi er hluti af Menntastefnu Reykjavíkur sem og einn af þáttum Aðalnámskrár . Læsi er eins og þar segir getan til þess að skapa merkingu og bregðast við því sem nemendur lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem er boðið í hverju sinni (Aðalnámskrá, 2011, bls 12). Við vildum halda áfram að nota Lubba, bæta við flæðilestri, vera í minni hópum og nýta Gefðu 10.

Styrkleikar: Það hentar börnunum á Undralandi mjög vel að fá góðar leikaðstæður í smærri hóp. Skipting í hópa var fremur jöfn og hentaði betur en það er þáttur sem við vildum bæta. Hópastaf sem unnið var með Lubba skilaði sér, börnin sýna máhljóðum áhuga og læra hreyfingar, eins þegar að send voru heim tenglar á Lubba lög var gaman að sjá að einhver hlustaði heima með foreldrum. Bók vikunnar var góð byrjun á markvissum lestri fyrir alla hópa.

Tækifæri til umbóta: Samvinna milli hópa og jafnvægi og að öll börnin séu að fá sýnlega það sama út úr hópátímum má vinna með. Við gætum verið duglegri að hlusta á Lubba lögin. Gefðu 10 þurfum við að leggja okkur mun betur fram um að fylgja eftir og leita leiða til þess. Bók vikunnar þarf að festa í sessi og halda áfram að vinna með ásamt flæðilestri.



Umbótaþættir Undraland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni- hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem er stuðst við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sway skráningar	Stefnum á að hver hópstjóri sjái um Sway skráningu á tveggja vikna fresti.	Setja niður dagsetningar. Samvinna inn á deild. Aðgangur að tækjum.	Haust 2022 Vor 2024	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Vera með tilbúið sway fyrir hvern deildarfund og það rætt.	Hver barna- hópur fær sambærilegar sway skráningar á tveggja vikna fresti.
Fjöltýngd börn	Málörvun og aukinn orðaforði fjöltýngdra barna.	Flæðilestur Nota orðabókin mín frá Orðaleik. Myndrænt skipulag.	Haust 2022 Vor 2024	Deildarstjóri, starfsfólk deildar. Sérkennsla	Safna gögnum, fylla hæfniramma og skipuleggja flæðilestur. Kynna á deildarfundum og endurmeta	Skipulagður flæðilestur með orðabæmum yfir árið. Hvert barn með erlent mál hafi orðabók. Hæfniramma
Læsi	Börnin fá jákvæða upplifun af samskiptum við önnur börn og örugg tengsl við kennara. Kynnast tungumálinu.	Minni hópar með kennara í leik í hópastarfi. Lubbi finnur málbeinið. Flæðilestur Gefðu 10.	Haust 2021 Vor 2024	Deildarstjóri og hópstjórar.	Deildarfundir. Skipulagsdagar. Skráningar.	Að öll börn á deildinni fá tíma með kennara í minni hóp í hópatíma. Allir hópar fá samveru með Lubba og flæðilestur.



3.3 Innra mat Sjónarhóls

Í vetur voru á Sjónarhóli 14 börn, 9 börn fædd 2020 og 5 börn fædd 2021. Á deildinni voru fjögur börn með fleiri en eitt tungumál. Stöðugildin á deildinni voru fjögur, deildarstjóri og þrjár hópstjórar. Auk þess kom inn afleysing sem leysti af undirbúningstíma deildarstjóra og deildarstjóri sá um að leysa af undirbúningstíma hópstjóra.



Aðlögun nýrra barna gekk í heildina mjög vel og vorum við með þátttökuaðlögun þar sem foreldrar fylgdu barninu fyrstu dagana og tóku virkan þátt í starfinu með okkur. Við leggjum mikla áherslu á góð og jákvæð samskipti við foreldra og er þátttökuaðlögun góð leið til að kynnast foreldrum vel frá byrjun.

Okkar starf byggir á menntastefnu Reykjavíkurborgar, skólanámskrá leikskólans og aðalnámskrá leikskóla. Einkunnarorð leikskólans eru gleði, hreyfing og vinátta.

Frjáls leikur hefur mikið vægi á Sjónarhóli. Í gegnum leikinn læra börnin að taka tillit, samskipti við aðra, að þekkja rétt og rangt og að deila með öðrum ásamt gleði, umhyggju, virðingu og vináttu. Við leggjum mikla áherslu á að vera/sitja með börnunum á gólfinu, þar sem við getum leiðbeint og gripið strax inn í ef á þarf að halda, sem gerist oft þegar yngstu börn leikskólans eiga í hlut. Sérstaklega í byrjun vetrar.

Útivera er stór hluti af starfinu og við leggjum mikla áherslu á að fara út daglega og tvisvar á dag þegar veður leyfir. Við nýttum leiksvæði leikskólans að mestu fyrir útiveru, en fórum í nokkrar vettvangsferðir. Sökum veðurs komumst við ekki eins oft og fyrirhugað var.




Í hópastarfi var ákveðið var að vinna með börnunum í litlum hópum. Barnahópnum var skipt í þrjá hópa sem unnu með mismunandi efnivið undir stjórn hópstjóra. Í tveimur hópnum voru fimm börn og í þriðja hópnum voru fjögur börn á dreifðum aldri. Við ákváðum að skipta börnunum ekki eftir aldri í þessum stundum, þar sem mjög krefjandi er að vera með fimm börn eins til eins og háls árs í hóp og við töldum betra að vinna með blandaðan aldur. Í hópastarfi unnum við með myndlist, tónlist, hreyfingu, könnunarleik ofl.

Við kynntum líka fyrir börnunum vináttuverkefni Barnaheilla og bangsann Blæ, en munum leggja aukna áherslu á að taka það meira markvisst inn á næsta skólaári. Öll börnin fengu sinn eigin bangsa sem merktur var með mynd af barninu, sem gerir þeim kleift að þekkja sinn bangsa. Þau voru með bangsana í skipulögðum Blæstundum og leituðu einnig eftir þeim í einhverjum tilvikum ef þau þurftu á huggun að halda.



Lubbi finnur málbein var líka hluti af námsefninu okkar í vetur, við hlustuðum á lögin í söngstund, æfðum hljóðin og tengdum bókstafina við nöfn barnanna í hópnum. Þetta gekk mjög vel og börnin sýndu efninu mikinn áhuga og þá sérstaklega táknum við stafina. Við munum halda áfram að vinna með þetta námsefni og þróa þá vinnu áfram.



Við studdum við sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum með því að hvetja þau til sjálfshjálpar, t.d. í matmálistímum, fataherberginu, á snyrtingu, við aðrar aðstæður og eru börnin dugleg að reyna að hjálpa sér sjálf.

Skráningar hafa gengið vel og hvert barn er komið með ferilmöppu. Hópstjórar eru orðnir öruggir um þær skráningar og verkefni sem eiga að vera í möppunni og við höfum einnig náð að nýta deildarfundi til að samræma okkur þar. Við notuðum Sway til að senda skráningar og myndir til foreldra. Foreldrar mjög ánægðir með að fá þessar myndir og skráningar sem veittu aukna innsýn inn í starfið okkar. Við sendum foreldrum einnig afmæliskráningu á afmælum barnanna. Næsta vetur er markmiðið að senda skráningar oft og með reglulegu millibili, við munum þróa það áfram og einnig að vinna að því að nýtt starfsfólk sem byrjar hjá okkur í haust tileinki sér það sem við erum að vinna með.

Foreldraviðtöl voru tekin að hausti og vori og gengu mjög vel. Góð mæting var í viðtölin og foreldrar almennt ánægðir. Að hausti var rætt um aðlögun barnsins á leikskólann og almenna líðan þess í skólanum. Að vori var farið yfir þroska og stöðu barnsins.

Við byrjuðum með flæðislestur síðastliðið haust, en náðum ekki að framfylgja honum út veturinn. Næsta vetur er markmiðið að taka flæðislesturinn inn í hópstarfið og byrja hverja hópastund á lestrarstund.

Við munum einnig gera auknar kröfur á börnin sem verða hjá okkur næsta vetur, þar sem að aldur barnanna á deildinni hefur ekki áður verið jafn hár. Breyta þarf verkefnum og leikefni í samræmi við aldur barnanna.



Umbótaþættir á Sjónarhóli voru skráningar á námi verði sýnilegri, heimamennig barna og sköpun.

Skráningar á námi barna verði sýnilegri á deildinni

Starfsmenn eru orðnir öruggir varðandi skráningar og ferlimöppur orðnar hluti af starfinu. Hvað á að vera í möppunum og hver á að sjá um þær er orðið mjög skýrt. Fremst í möppum barnanna er upplýsingablað þar sem fram kemur hvað á að vera í möppunni og starfsfólk merkir við.

Það sem vel er gert: Starfsfólk þekkir orðið vel sitt hlutverk og hver og einn hópstjóri ber ábyrgð á sínum hóp. Við höfum nýtt deildarfundi til að samræma okkur ef ástæða hefur verið til.

Tækifæri til úrbóta: Hópstjórar hafa að öllu leiti séð um skráningar fyrir sinn hóp í samráði við deildarstjóra. Ferlimöppurnar eru sýnilegar börnunum en ekki staðsettar þannig að þau hafi aðgang að þeim. Athuga með að færa þær þar sem börnin hafa aðgang að þeim, þar sem barnahópurinn næsta vetur verður eldri en verið hefur.



Heimamennig barna

Að samtarf heimila og skóla gerir starfið ennþá betra því mikilvægt er að foreldrar verði enn meiri partur af starfinu.

Það sem vel er gert: Foreldrar fengu heim með sér veggspjald sem þau voru beðin um að setja á myndir af barninu og nánustu fjölskyldu og merkja við myndirnar fjölskyldutengsl við barnið. Veggspjöldin voru svo hengd upp þar sem þau voru aðgengileg börnunum. Þetta hefur verið mikið skoðað í vetur og hafa börnin haft gaman af að sýna vinunum sínar myndir og einnig að skoða myndir hinna barnanna.

Okkur finnst þetta vera mikilvægur partur af starfinu þar sem foreldrar og fjölskyldur barnanna færast ennþá nær starfinu.

Tækifæri til umbóta:

Að virkja foreldra enn freka í að útbúa veggspjöld fyrir börnin. Ekki gekk nógu vel að fá myndir frá öllum á veggspjöldin þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir til foreldra. Ætlum að leggja aukna áherslu á þetta í haust.



Sköpun:

Gengið hefur vel að efla starfsmenn í að nýta ólíkan efnivið og hvetja börnin til að hafa frumkvæði af að gera sjálf og velja án þess að vera stýrt.

Það sem vel er gert:

Börnin höfðu áhrif á ferlið í sköpuninni í samstarfi við starfsmenn. Þau fengu aukin tækifæri að njóta sín og reynt eftir bestu getu í eins rólegu umhverfi og hægt er.

Tækifæri til umbóta:

Þetta gekk mjög vel í vetur, allir voru meira meðvitaðir um að einblína á ferlið frekar en afurðina og leyfa hverju og einu barni að njóta sín í að vinna frjálst.



Umbótaþættir Sjónarhóll	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni-hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem er stuðst við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sway skráningar	Stefnum á að hver hópstjóri sjái um sway skráningu á tveggja vikna fresti.	Nýta deildafundi til umræðu og skipulagningar	Haust 2022 Vor 2023	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Nýta deildafundi, skipulagsdaga og undirbúnings-tíma	Allir hópstjórar sendi heim skráningar
Heimamennning barnanna	Stefna að því að öll börnin eigi fjölskylduspjald	Ná til allra foreldra á foreldrafundi í haust	Haust 2022 Des 2022	Deildarstjóri Foreldrar	Kynna verkefnið á foreldrafundi og ræða við hvert og eitt foreldri á fundi	Að öll börnin séu komin með fjölskylduspjald fyrir júl
Vináttuverkefni Barnaheilla	Taka bangsann Blæ markvisst inn í hópastarf	Hafa samverustundir þar sem tekin er fyrir vinátta og kynnt fyrir börnunum tónlistin/lögin úr verkefninu	Haust 2022 Vor 2023	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Endurmeta á deildafundum og skipulagsdögum	Að börnin öðlist færni í samskiptum og taki tillit til hvors annar
Hópastarf	Fjölga dögum þar sem hópastarf fer fram. Byrja allar hópastundir á flæðislestri	Skipuleggja hópastund alla daga vikunnar	Haust 2022 Vor 2023	Deildarstjóri og hópstjórar.	Deildarfundir. Skipulagsdagar.	Að öll börn á deildinni fái tíma með kennara í minni hóp í hópátíma.



4. Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslan kom að 15 börnum á Kattholti.</p> <p>11 börnum á Undralandi og á Sjónarhóli komum við að 5 börnum. Samanlagður barnafjöldi sem þáði sérkennslu var 31 barn. Þessum börnum var annað hvort sinnt með einstaklingsþjálfun eða í litlum hóp. Það á að vera skemmtilegt að koma í sérkennslu og vorum við duglegar að bjóða vinum barnanna með í sérkennslu sem vakti lukku meðal barnanna. Sérkennslan var skipulögð á þann hátt að sérkennslustjóri hélt utan um það starf og skipulag sem sneri að sérkennslunni. Það var myndað teymi utan um þau börn sem voru með stuðning í leikskólanum sem hittist reglulega, teymin innihéldu sérkennslustjóra, deildarstjóra, stuðninginn, ráðgjafa af Þjónustumiðstöð og foreldra barnsins. Það var einnig mikil samvinna meðal starfsfólksins sem voru mest með barninu inn á deild. Það var reynt að koma til móts við þau börn sem voru með stuðning sem og þau börn sem voru ekki með stuðning en þurftu á auknum stuðningi að halda í leikskólanum með því að nota viðeigandi íhlutanir með þeim og annað sem þau þurftu á að halda í leikskólalastarfinu og þannig var stuðlað að menntun án aðgreiningar. Skráningar voru með fjölbreyttum hætti eftir því hvað hvert barn þurfti á að halda hverju sinni. Það var mest notast við skráningarblöðin sem við fengum frá námskeiðinu Skráning og þjálfun í einstaklingsþjálfun. En það var einnig notast við Einstaklingsnámskrár þar sem var verið að vinna að ákveðnum markmiðum með þeim börnum sem þurftu á meiri stuðning að halda, það var notast við gráa listann úr bókinni Behavioral Intervention for Children with Autism, AHA skráningar og fleira. Öll börn sem þáðu sérkennslu voru með skráningamöppu þar sem skráð var hvað var gert í þjálfuninni, hvað mæti betur fara og hvernig gekk í tímanum. Sérkennslustjóri og sérkennari hittumst svo á hálf mánaðarfresti til að fara yfir barnahópinn og gera þær breytingar sem áttu við á skráningarblöð.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Þau matsgögn sem voru notuð voru TRAS og EFI-2 fyrir þau börn sem við höfðum áhyggjur af varðandi málþroska. Svo var einnig notað TRAS og AEPS fyrir þau börn sem við höfðum áhyggjur af varðandi almennan þroska og fyrir þau börn sem þurftu á meiri stuðning að halda. AEPS var notað til þess að búa til Einstaklingsnámskrár þar sem var verið að vinna að ákveðnum markmiðum með markvissum hætti. En svo var notast við HLJÓM-2 fyrir öll elstu börnin.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Það eru til ýmisleg námsgögn sem við notuðum eins og Lubbi finnur málbein, Vináttuverkefni Barnaheilla, Lærum og leikum með hljóðin appið, Orðagull, Orðalykill, Puppert pals, Georg og félagar Bók vikunnar á deildum var lesin í sérkennslu með börnunum einstaklingslega eða með félaga og með yngstu börnunum notuðum við myndmal.is mikið með börnunum. Sól bækurnar nýttar og svo kaupum við stundum verkefnahefti frá Fjölbreytt kennsla eða prentum út verkefni sem til eru á síðunni sem eru við hæfi fyrir leikskólabörnin og fleira. Flest allt starfsfólkið er nýlega búíð að fara á námskeiðið Leikur að læra og við erum búin að kaupa námsgögnin í tengslum við það. Það var einnig nýlega keypt bókin Snemmtæk íhlutun í hnotskurn, við eigum eftir að kynna okkur hana betur og við stefnum á að nota hana við skipulag málörvunarstunda eftir sumarfrí.</p>



Umbóta þættir Sérkennslu	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni-hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem er stuðst við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sérkennslu Teymi	Skipuleggja sérkennslu enn betur.	Sjáum fram á aukna sérkennslu sem kallar á fleiri stöðugildi í sérkennslu	Haust 2022 Höldum þessari vinnu áfram með nýju fólki í afleysingunæsta vetur. En margt komið í betri farveg.	Sérkennslustjóri og sérkennari.	Við endurmetum í lok skólaárs hvernig teymið hefur starfað og hvað þarf að bæta	Efla enn frekar snemmtæka íhlutun fyrir nemendur. Að vinna að markvissari kennslu tvítýngdra og barna með þroska frávík.
Foreldra samskipti	Að foreldra upplýsta um þá þjálfun sem á sér stað í leikskólanum.	Senda reglulega póst heim um stöðu mála í sérkennslu barnsins. Nýta Sway til þess að senda bæði myndir/myndbönd og texta	Haust 2022 Höldum þessari vinnu áfram með nýju fólki í afleysingu næsta vetur. Vor 2024	Sérkennslustjóri og sérkennari	Sérkennslustjóri í samráði við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra munu endurmeta í lok skólarárs.	Að þetta sé orðið hluti af verkefnum sérkennslustjóra á hálfsmánaða fresti.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Sérkennslustjóri heldur utan um fjöltyngd börn á þann hátt að þau fá markvissar málörvunarstundir í hópum eða í einstaklingsþjálfun. Það var ráðinn inn verkefnastjóri haustið 2022 sem sá einnig um málörvunarstundir ásamt öðrum verkefnum. Fjármagn er einnig nýtt í það að kaupa efnivið og námsefni sem hentar til kennslu fjöltyngdra barna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Á öllum deildum er unnið mikið með bækur og lestur fyrir nemendur. Gefðu 10 er notað til að vinna með ákveðna nemendur og gefa þeim aukna athygli og æfingu í tungumálinu. Við erum með málörvunarhópa fyrir fjöltyngd börn.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Við fórum af stað með flæðislestur á yngri deildum og ætlum að vinna betur að því verkefni áfram næsta vetur. Læstisteymi sá um að koma með bók vikunnar inn á deildir og hvetja hópstjóra til lestu í misstórum hópum. Mikið málövnarefni er til og mikið efni sem búið var til síðasta vetur til að nýta í hópastundum og samverum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við nýtum Tras og skimunarlista. Við höfum notkun á tungumálarömmunum og sjáum fram á að nýta þá enn frekar næsta ár.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við nýtum þematengda kennslu í hópa tímum en erum þá að vinna með ákveðið þema í ákveðinn tíma. Þá er unnið með orðaforðann í kringum þemað á sem fjölbreyttasta hátt. Við vinnum ýmis verkefni, leiksýningar, bíómynd með elstu börnum þar sem allir taka þátt. Á öskudaginn eru heimagerðir búningar sem eru unnir af börnunum vikunar á undan og þar gefst gott tækifæri til að ræða við börn um þeirra hugmyndir og leyfa þeim að hafa sínar hugmyndir að leiðarljósi.



Umbótaáætlun –fjöltyngr 2023-2024

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Flæðislestur fyrir yngri börnin.	Auka lestur bóka í hópnum. Við hófum þetta í upphafi skólaárs 2022 en náðum ekki að festa þetta verklag í sessi. Við viljum gera betur í því og sjáum tækifæri í að vinna enn frekar með þetta næsta skólaár.	Koma inn Flæðislestri á tvær yngstu deildirnar	Sérkenn slustjóri / Deildarstjórar yngri deilda	Haut 2022	Vor 2024	Deildarstjórarn og sérkennslustjóri endurmeta vor 2024	Flæðislestur sé partur af starfi deildanna, en í gegnum hann er hægt að vinna að auknum orðaforða fjöltyngra barna sem og annara barna á deildinni.
<p>Í Flæðilestri er unnið með eina bók á viku þar sem starfsmaður situr með börnunum á gólfinu og les ákveðna bók fyrir þau oft yfir vikuna og svo les hann einnig bókina fyrir hvert barn. Hann ræðir við börnin um innihald bókarinnar og hefur jafnvel myndir úr bókinni sýnilegar börnunum og vinnur verkefni með börnunum út frá bókinni.</p>							
Nota Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngr börn í leikskóla sem Menntamálast ofnun gaf út.	Hæfnirammarnir séu til að kortleggja hvar börnin eru stödd í íslensku miða við lengd í íslensku. Við höldum áfram með þetta verkefni inn í næsta vetur með öllum deildarstjórum.	Að Hæfnirammarnir séu metnir fyrir hvert fjöltyngrt barn að hausti og vori fædd 2019 og niður úr.	Sérkenn slustjóri / Deildarstjórar	Haut 2022	Vor 2024	Deildarstjórarn og sérkennslustjóri meta það í sameiningu í júní 2024 hvort að þetta sé orðið hluti af starfinu með fjöltyngrdum börnum	Meta hvert fjöltyngrt barn að hausti og vori sé komið á hjá deildarstjórum og sérkennslustjóra.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru haldin í nóvember og svo rætt við alla sem voru með breytingaróskir fyrir næsta starfsár nú á vordögum. Við færum starfsfólk örlítið milli deilda en þá erum við að horfa í samsetningu barnahópsins og starfsfólk tekur jákvætt í breytingar þegar þess þarf. Stefnt var að þremur viðtölum en náðist þó ekki en hins vegar er leikskólastjóri í miklu og góðu samtali við allt starfsfólk og heyrir reglulega í starfsfólki hvernig gangi og hver þeirra líðan er í starfi. Auk þess sem leikskólastjóri ræðir við þá starfsmenn sem virðast hafa einhverja vanlíðan, sbr. veikindi starfsmanna og ræðir við starfsfólk um hvað hægt sé að gera í hverju máli fyrir sig. Tekin var upp sú stefna að óska eftir veikindavottorðum ef veikindi væru komin yfir 12 daga á skólaárinu þannig að starfsmenn gætu þá endurmetið sína líðan í starfi og séð hvað er að valda veikindum. Hefur þetta gefist vel og dró úr veikindum eftir áramót en fyrir áramót höfðu þau aukist að einhverju leiti. Stöðugt samtal milli stjórnenda og starfsmannahópsins um líðan starfsfólk og veikindaprósentu hefur haft góð áhrif á starfsmannahópinn, en stjórnendur fylgjast vel með veikindaprósentu leikskólans til að líðan allra sé höfð að leiðarljósi.

Fræðsla í ár hefur verið ýmiskonar. Við hófum vegferð okkar í grænum skrefum. Einn starfsmaður sá um verkefnastjórnun á því verkefni ásamt einum starfsmanni á hverri deild. Það verkefni hefur farið vel af stað og verið komið inn á það verkefni í einhverri mynd á öllum starfsdögum og starfsmannafundum. Við erum ákaflega þakklát að hafa starfsmann sem leiðir þessa vinnu hjá okkur og munum halda þeirri vegferð áfram.

Við fengum kynningu á leikskólanum Klömbrum á sameiginlegum starfsegi og það var ánægjulegt að kynnast á milli skóla. Sama dag heimsótti hún Dóra Jóhannesdóttir okkur frá Improv Iceland og var með spunanámskeið, en það fól í sér að taka vel í nýjar hugmyndir samstarfsfélagans. Starfsmenn voru mjög ánægðir með þetta námskeið og fannst þetta gefandi, styðjandi og styrkjandi fyrir hópinn til að halda umræðum opnum og leyfa öllum að koma með sínar hugmyndir.

Við fengum svo fræðslu um málstefnu frá Miðju máls og læsis en það var innlegg í umræðuna um Málstefnu, hvert stefnum við sem leikskóli í fjölmennningarlegu samhengi. Mjög gott erindi sem kom frá þeim og vakti áhuga starfsmanna. Sama dag fengum við svo erindi frá hegðunarráðgjafa og sérkennsluráðgjafa af Vesturmiðstöð. En það erindi fjallaði um Góð ráð við hegðun barna.

Í febrúar var svo haldið 4 klst skyndihjálparnámskeið þar sem farið var í viðbrögð við slysum barna og lærd endurlífgun.



Á síðasta starfsdegi skólaársins þann 12. maí var svo farið í heimsókn í Gullborg til að skoða viðbyggingar sem hafa verið settar þar. Farið í fræðslu í Hvalasafninu og endað í hópefli sem fólst í ratleik um Reykjavík.

Við nýttum Erasmus styrk sem við höfðum fengið en tveir starfsmenn fóru á útikennslunámskeið í Bologna á Ítalíu og 4 starfsmenn fóru í júní byrjun til Tenerife á útikennslunámskeið.

Við lukum við gerð námskrár og kom hún út síðasta haust en hún endurspeglar það starf sem unnið er innan leikskólans. Þeirri vinnu þurfum við svo að fylgja enn betur eftir næsta haust með því að kynna námskránnu vel fyrir starfsfólki.

Markmið næsta vetrar:

- Starfsþróunarsamtöl fara fram a.m.k tvisvar á ári og fara fram í okt/nóv og mars/apríl. Spurt er um líðan í starfi, styrkleika og það sem starfsmaður vill auka þekkingu á. Hvað starfsmaður vill leggja áherslu á í starfinu. Það sem starfsmaður vill sjálfur ræða um hverju sinni. Einnig stefnt að því að deildarstjórar taki viðtal við sína starfsmenn einu sinni yfir veturinn.
- Efla nýliðafræðslu á fyrstu 3 mánuðunum – komumst ekki í þetta síðasta vetur. Við þurfum að efla móttöku nýliða og gera móttökuáætlun virka. Einn starfsmaður er búinn að ljúka leiðsagnarkennaranámi og mun halda utan um það ásamt stjórnendum leikskólans.
- Hreyfing, viljum auka þann þátt í leikskólastarfinu en núna erum við að fara 1 sinnum í viku í íþróttahús Háteigsskóla og viljum byggja enn frekar ofan á það.
- Vináttuverkefnið þarf að fá smá endurnýjun og við þurfum að senda fleiri á það námskeið.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf milli Stakkaborgar, Nóaborgar og leikskólans Klambra er alltaf að aukast. En síðustu tvo vetur hafa nemendur þessara skóla hist til að leika saman, bæði í útiveru sem og í viðkomandi leikskólum nokkur skipti yfir árið.

Við í Stakkaborg og starfsmenn Klambra héldum hluta af skipulagsdeginum 5. október saman en þá fórum við í heimsóknir milli þessar skóla, hlýddum á erindi frá skólastjórum beggja skólanna. Þarna gafst gott tækifæri til að kynnast milli leikskóla og starfsfólk beggja skóla var ánægt með þetta uppbot á starfsdögnum.



Samstarf við Háteigsskóla hefur verði mest í því formi að fá til okkar nemendur frá þeim sem eru í valfagi og velja að koma og prófa að vinna í leikskóla. Það var skipulagt af skólanum og nemendur komu fyrir áramóta og nýir nemendur eftir áramót. Þetta verkefni hefur gefist vel og börnin í leikskólanum glöð að fá inn unglunga sem spjalla og leika við þau. Háteigsskóli hefur svo boðið elstu nemendum í heimsókn og 1. bekkur grunnskólans heimsótt okkur. Börn úr tónskólanum hafa einnig komið og spilað fyrir jólin fyrir nemendur.

8 Foreldrasamvinna

Í Stakkaborg eru starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Foreldrar bjóða sig fram til starfa í þessum nefndum og hefur gengið vel að manna þessar stöður. Í foreldraráði er eitt foreldri frá hverri deild, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í upphafi skólaárs. Mikið af samskiptum fer fram í gegnum tölvupóst en einnig er fundað ca. tvisvar á ári. Helstu breytingar eru bornar undir ráðið og einnig er ráðið inn í málum sem koma upp í leikskólanum sem tengjast börnum og skipulagningu. Ráðið fær áætlanir til umsagna. Foreldraráðið hefur fengið upplýsingar þegar einhverjar miklar breytingar eiga sér stað s.s. útvistun á eldhúsi.

Foreldrasamvinna er góð en foreldrafélag sér um sumarhátíð leikskólans og kemur að skipulagningu á árlegri sveitaferð. Foreldraviðtölin fara fram tvisvar sinnum á ári og geta foreldrar óskað eftir viðtali við deildarstjóra eða stjórnendur ef þarf þess fyrir utan. Almennt hafa samskipti gengið mjög vel og fara upplýsingar um viðburði og fréttir heim í tölvupósti. Við erum alltaf að huga að bættu upplýsingaflæði og teljum okkur langt komin í að bæta það með almennum póstsendingum til foreldrar úr Völu og svo í gegnum Sway skráningar sem hópstjórar sinna og deildarstjórar senda heim. Í desember var svo jólakakó fyrir foreldra, jólaskórin skreyttur og málaðar piparkökur, foreldrar mættu mjög vel og voru ánægðir að vera orðin aftur partur af daglegu skólastarfi. Foreldrafélagið stóð svo fyrir jólaballi eina helgina í desember sem heppnaðist gríðarlega vel.

Við höfðum opna viku í byrjun desember en þá gátu foreldrar komið og tekið þátt í starfinu með barninu sínu. t.d farið með í íþróttir, tekið þátt í söngstund, söngstund eða verið með í frjálsum leik. Við fögnuðum svo afmæli leikskólans þann 6. janúar og þá var foreldrum boðið í kaffi í lok dags og ánægjulegt að sjá hve margir sáu sér fær að koma. Við náðum að halda bæði feðra- og mæðrakaffi en það var ánægjulegt að fá alla foreldra inn til okkar í alla þessa viðburði en þetta hafði jú allt dottið niður í covid. Sveitaferðin verður með öðru sniði í ár en stefnum á að fara í okkar árlegu sveitaferð að ári liðnu. Sumarhátíð leikskólans verður svo haldin í júnílok og þá sér foreldrafélagið um ýmsa viðburði og verkefni tengd þeim degi.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á næsta ári verða 6 skipulagsdagar:

- 21. ágúst
- 29. sept
- 23. nóv
- 6. feb 2024
- 2. apríl 2024
- 17. maí 2024.

Starfsmannafundir verða fimm en þeir eru þá mánuði sem ekki eru skipulagsdagar. Við höldum starfsdagana frá kl 16:30-18:30 og látum það rúlla á milli mismunandi vikudaga.

Fundirnir verða dagana:

- 23. okt
- 8. des
- 9. jan 2024
- 4. mars
- 6. júní

Í samtali milli leikskólastjóra og foreldraráðs leikskólans var tekin ákvörðun að frá og með hausti 2023 yrði fyrirfram ákveðið sumarleyfi sem myndi alltaf miðast við að lokað væri í 4 vikur (20 daga) og opnað yrði aftur á fimmtudegi eftir Verslunarmannahelgi. Með þessu móti geta foreldrar og starfsfólk viðtað í upphafi skólaárs hvenær leikskólinn lokar yfir sumarið. Við höfum haft kannanir á hverju ári og endum alltaf á þessum sama eða mjög sambærilegum tíma. Með þessu móti þá er þetta fast og auðvelt að kynna í upphafi skólaársins.



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal

F. h. leikskólans

<u>Jónína Einardóttir</u>	<u>27.06.2023</u>
Leikskólastjóri	Dagsetning



Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2023 – 2024 Stakkaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir

Ingibjörg Hanna Björnsdóttir

Rakel Waage

Freydís Guðný Hjálmarsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkenntu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Stakkaborgar 2023-2024 og lítur björtum augum til þess starfs og umbóta sem er á döfinni. Foreldraráð sér tilefni til að lofa leikskólann og starfsfólk þess fyrir að hafa verið veitt verðlaun sem Fyrirmyndar starfsstaður Reykjavíkurborgar 2022, annað árið í röð, þar sem starfsánægja var í lykilhlotverki. Það er aðdúunarvert í ljósi undanfarins heimsfaraldurs og álags þess á starfsfólk sem og heimilin. Vonast foreldraráð til að bæði vinnustytting og tilraunaverkefni um lækkun hámarks dvalartíma barna til ársloka 2024 muni draga úr álagi á starfsfólk og bæta líðan þeirra í starfi enn frekar sem muni endurspeglast í verkefnum með börnum okkar.

Foreldraráð fagnar því að í nýrri starfsáætlun leikskólans séu áætlanir um að auka og koma reglu á upplýsingaflæði um leikskólastarf barnanna til foreldra í ljósi mikilvægi samvinnu milli heimilis og skóla. Það var því ánægjulegt fyrir foreldra að koma aftur inn í skólann og fá frekari innsýn í daglegt líf barnanna og taka aukinn þátt í því. Þannig ná foreldrar einnig að kynnast betur öðrum börnum, starfsfólkinu og öðrum foreldrum. Leikskólinn hefur sett sér markviss markmið um notkun mats- og skimunarlista og hæfniramma við kortlagningu gagnvirkra samskipta barnanna og þroska þeirra með snemmtæka íhlutun og einstaklingsmiðaðan stuðning að leiðarljósi. Til viðbótar mun leikskólinn setja fram málstefnu sem minnir okkur á mikilvægi starfsdaga til jákvæðrar þróunar stefnu og starfs leikskólans er varðar farsæld barna okkar. Það er ljóst að málþroski og félagsfærni fara saman og er þetta því jákvæð framför og leggur foreldraráð áherslu á mikilvægi þess að heimili og skóli fylgist vel að. Vonast er til að foreldrar séu virkjaðir enn frekar sem samstarfsaðilar þeirri vinnu með börnum sínum og að sama leyti að stutt sé við þá af þeim fagaðilum enda sé unnið að sameiginlegu markmiði farsældar, allt í hag barnanna. Sannarlega hefur samheldni og samstarf áhrif á velferð barnanna, skólabrag og líðan sem og námsárangur þeirra og því vill foreldraráð vekja athygli á mikilvægi þess að huga að skólagöngu barnanna heildrænt og að samstarf og samfella milli skólastiga sé eftt. Því hvetur foreldraráð til frekari samstarfs Háteigsskóla og Stakkaborgar vegna aðlögunar barna á elstu deildinni yfir á grunnskólastig. Sérstaklega nú þegar átak er í endurreisn foreldrasamstarfi um allt land á vegum samtaka Heimilis og skóla í samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Foreldraráð hvetur stjórnendur skólans einnig til að viðhalda nýliðfræðslu og skyndihjálparnámskeiðum fyrir allt starfsfólk þar sem starfsmannavelta er hefðbundin í dag, enda er um að ræða umönnun og öryggi okkar dýrmætasta auðs. Í því samhengi álitur foreldraráð það jákvæða þróun fyrir íbúa hverfisins að undir lok skólaársins eigi að bæta við húsum við leikskólann. Það að efla leikskólastarfið og veita fleiri börnum tækifæri á að vera þátttakandi í eigin velferð; þar sem unnið er að því að efla sjálfstæði þeirra, frjálstan leik og sköpun, og leiðbeina í samskiptum, færni í tjáningu og vináttu í eigin garð og annarra. Í foreldraráði ríkir mikil ánægja með gróðurhús og þau lærdómstækifæri sem felast í því að rækta, læra og hugsa um plöntur frá fræi. Gróðurhúsið er enn ein rósin í hnappagat



starfsfólks Stakkaborgar sem eiga hrós skilið fyrir afstaðinn vetur og þökkum við kærlega fyrir samstarfið.



Fylgiskjal 2

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

	AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. F	1. F	1. M	1. F	1. F	1. M	1. M	1. L	1. M
2. M	2. L	2. M	2. F	2. L	2. L	2. P	2. F	2. L	2. P	2. F	2. S	2. P
3. Þ	3. S	3. Þ	3. F	3. S	3. S	3. Þ	3. F	3. S	3. F	3. F	3. M	3. M
4. F	4. M	4. M	4. L	4. M	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. L	4. P	4. F
5. L	5. Þ	5. F	5. S	5. Þ	5. Þ	5. F	5. M	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. F
6. S	6. M	6. F	6. M	6. M	6. M	6. L	6. Þ	6. M	6. L	6. M	6. F	6. L
7. M	7. F	7. L	7. Þ	7. Þ	7. F	7. S	7. M	7. F	7. S	7. Þ	7. F	7. S
8. Þ	8. M	8. S	8. M	8. M	8. F	8. M	8. F	8. F	8. M	8. M	8. L	8. M
9. M	9. L	9. M	9. F	9. F	9. L	9. L	9. F	9. L	9. Þ	9. F	9. S	9. Þ
10. F	10. S	10. Þ	10. F	10. S	10. S	10. M	10. L	10. M	10. M	10. F	10. M	10. M
11. F	11. M	11. M	11. L	11. M	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. L	11. Þ	11. F
12. L	12. Þ	12. F	12. S	12. Þ	12. Þ	12. F	12. M	12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. F
13. S	13. M	13. F	13. M	13. M	13. M	13. L	13. Þ	13. M	13. L	13. M	13. F	13. L
14. M	14. F	14. L	14. Þ	14. Þ	14. F	14. S	14. M	14. F	14. Þ	14. F	14. F	14. S
15. Þ	15. S	15. S	15. M	15. M	15. F	15. M	15. F	15. F	15. M	15. L	15. L	15. M
16. M	16. L	16. M	16. F	16. F	16. L	16. Þ	16. F	16. L	16. F	16. S	16. S	16. Þ
17. F	17. S	17. F	17. F	17. F	17. S	17. M	17. L	17. S	17. F	17. F	17. M	17. M
18. F	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. F	18. S	18. F	18. F	18. L	18. Þ	18. F
19. L	19. Þ	19. F	19. S	19. S	19. F	19. F	19. M	19. Þ	19. F	19. S	19. M	19. F
20. S	20. M	20. F	20. M	20. M	20. M	20. L	20. Þ	20. M	20. F	20. M	20. F	20. L
21. M	21. F	21. L	21. Þ	21. F	21. F	21. S	21. M	21. F	21. Þ	21. P	21. F	21. S
22. Þ	22. F	22. S	22. M	22. F	22. F	22. M	22. F	22. F	22. M	22. M	22. L	22. M
23. M	23. L	23. F	23. M	23. M	23. L	23. F	23. F	23. L	23. F	23. F	23. S	23. Þ
24. F	24. S	24. Þ	24. F	24. F	24. M	24. M	24. L	24. S	24. M	24. F	24. M	24. M
25. F	25. M	25. M	25. L	25. L	25. M	25. F	25. S	25. F	25. L	25. L	25. F	25. F
26. L	26. Þ	26. F	26. M	26. M	26. F	26. F	26. M	26. Þ	26. F	26. S	26. M	26. F
27. S	27. M	27. F	27. M	27. M	27. M	27. L	27. Þ	27. M	27. L	27. M	27. F	27. L
28. M	28. F	28. L	28. Þ	28. F	28. F	28. S	28. M	28. F	28. Þ	28. P	28. F	28. S
29. Þ	29. S	29. S	29. M	29. F	29. F	29. M	29. F	29. M	29. M	29. M	29. L	29. M
30. M	30. L	30. M	30. F	30. F	30. L	30. Þ	30. L	30. Þ	30. F	30. F	30. S	30. Þ
31. F	31. Þ	31. F	31. M	31. M	31. S	31. M	31. S	31. S	31. F	31. F	31. M	31. M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allit samandi eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leittast skólafjórðundur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

